

## Úthlutun vor 2017

### 4,5 mio kr.

- 1. Myndspor – Fótspor, félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi**  
**Ábyrgð og samstarf:** Rannveig Ólafsdóttir  
**Styrkfjárhæð:** kr. 1.000.000  
**Lýsing:** Markmið verkefnisins er að varðveita ljósmyndir sem til eru úr Skaftárhreppi frá því fyrir aldamótin 1900 og fram á miðja 20. öld. Upplýsingar eru skráðar um hverja mynd og þannig er varpað ljósi á sögu Skaftárhrepps fyrir íbúa sveitarfélagsins, komandi kynslóðir og aðra þá sem áhuga hafa. Ljósmyndir eru mikilvægur þáttur í sýningarhaldi og fræðsluefni, því er dýrmætt að varðveita þær myndir sem til eru og skrá upplýsingar um þær meðan enn eru heimildarmenn sem þekkja til þeirra.
- 2. Samstarf Landgræðslu, Náttsa og Skaftárhrepps**  
**Ábyrgð og samstarf:** Kristín Hermannsdóttir  
**Styrkfjárhæð:** kr. 500.000  
**Lýsing:** Rannsókn á gæsabeit í tünnum í Skaftárhreppi. Þessar rannsóknir hafa verið stundaðar í Hornafirði í þrjú ár en einnig í Skaftárhreppi árið 2014 á einu túni á Stjórnarsandi. Rannsóknin hefur verið styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins og Veiðikortasjóði, en markmiðið er að hefja aftur rannsóknir á beit gæsa í tünnum bænda að vori í Skaftárhreppi. Náttúrufarsúttekt í Skúmey í Jökulsárlóni, eyju sem kom undan jökli um árið 2000. Þangað verður farið í vettvangsferðir að vori og sumri 2017. Vegna einangrunar frá fastalandinu er hún griðastaður ýmissa fugla en þar þrífst einnig gróður og skordýr. Landslagið einkennist af jökulmenjum, t.d. jökulgörðum og árið 2014 verptu rúmlega 360 helsingjapör í skjóli þeirra. Bændur græða landið er verkefni á vegum Landgræðslu ríkisins. Landgræðsla ríkisins hefur gefið vilyrði fyrir því að greiða hluta launa starfsmans með aðsetur á Klaustri til að sinna úttektum og heimsóknum til bænda sem eru í verkefninu Bændur græða landið. Felst starfið í heimsóknum til þátttakenda í verkefninu þar sem gerð er úttekt á starfinu og áætlun yfirfarin eftir vinnureglum Landgræðslunnar. Verða bændur sem taka þátt í verkefninu á svæðinu frá Mýrdalssandi að Lóni heimsóttir á tímabilinu júní- september 2017.
- 3. Handverkssmiðja – áhugahópur um Handverkssmiðjur**  
**Ábyrgð og samstarf:** Karitas Kristjánsdóttir  
**Styrkfjárhæð:** kr. 700.000  
**Lýsing:** A) Handverkssmiðjan er hugsuð sem félagsmiðstöð og fræðslumiðstöð  
a. Smiðja þar sem handverksfólk í hreppnum getur hist, miðlað af reynslu sinni og lært nýja hluti. Með þessu væri fólk virkjað. Reynsla og þekking myndi varðveitast og vera miðlað áfram. Markmiðið er því að viðhalda og kenna verkþekkingu þannig að hún glattist ekki og auka áhuga fólks á handverki bæði ullar-, skinna- og vefnaðarvinnslu  
b. Einnig verða námskeið haldin og kennarar fengnir til að kenna sitt handverk og sína list. Kennit verður á tækin sem komin eru í smiðjuna, saumavélarnar, vefstólinn og þrjónavélina  
B) Handverkssmiðjan er hugsuð sem starfsaðstaða þar sem fólk getur komið og

leigt aðstöðuna og unnið sína vinnu og notað tækin til atvinnusköpunnar. Markaður er til staðar í hreppnum bæði af fólki sem hefur áhuga á handverki og ferðamönnum sem gætu séð hvernig hlutirnir verða til og keypt það sem er framleitt á staðnum. Hægt væri að hafa opið sölutjald í tengslum við smiðjuna þar sem fólk gæti selt vinnu sína.

#### 4. Heilsudagar á Klaustri

**Ábyrgð og samstarf:** Auðbjörg B. Bjarnadóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 300.000

**Lýsing:** Meðal niðurstaða íbúapings 2013 kom fram mikilvægi þess að senda jákvæð skilaboð útávið. Þegar grunnstoðir voru skoðaðar þá var efst á blaði fólkið sjálft, fjölskyldur og einstaklingar. Við þurfum að hlúa að íbúum, ekki síst til að gera sveitarfélagið eftirsóknavert til búsetu. Einnig er auðveldara að laða að nýja íbúa í samfélag þar sem stutt er við heilsusamlegan lífstíl. Bætt lýðheilsa miðar að því að viðhalda og efla heilbrigði fólks með forvarnarstarfi og samfélagslegri ábyrgð, með þeim hætti er m.a. hægt að draga úr líkum á langvinnum sjúkdómum og auka andlega og líkamlega vellíðan.

Stefnt að því að allt árið hafi íbúar í Skaftárhreppi heilsu og heilsusamlegan lífstíl að leiðarljósi en einu sinni á ári verði fastir dagar sem eru helgaðir heilsusamlegum lífstíl. E.t.v þemadagar á vinnustöðum og fyrirtækjum og /eða grunn- og leikskóli. Á heilsudögum eru ýmisir viðburðir, s.s fyrirlestrar, heilsufarsmælingar og ýmis námskeið og kennsla t.d í hreyfingu, fræðsluefni dreift o.fl.

#### 5. Feldfjarrækt í Skaftárhreppi – Feldfjarræktarfélagið

**Ábyrgð og samstarf:** Kristbjörg Hilmarsdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 500.000

**Lýsing:** Styrkurinn er ætlaður til að styrkja undirstöður í feldfjarrækt. Vinnu við að leita uppi efnilegar kindur til feldfjarræktar, á svæði Skaftárhrepps og utan þess, helst er bent á að á Vesturlandi eða á Ströndum sé að finna leifar af feldfé en á þeim stöðum var einnig ræktað feldfé hér áður fyrr. (það svæði er einnig líflambasölusvæði og hægt væri að flitja þaðan sauðfé til Skaftárhrepps. ) Félagið mun einnig leita eftir því að feldfjarræktarþú í sSkaftárhreppi fái líflambasöluleyfi.

#### 6. Arfur

**Ábyrgð og samstarf:** Kirkjubæjarstofa . Ólafía Jakobsdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 500.000

**Lýsing:** Verkefnið Arfur er lokaáfangi af stóru heildarverkefni í Skaftárhreppi þar sem rafrænar upplýsingar um þjóðleiðir og fornar ferðaleiðir um aldamótin 1900, ásamt örnefnum, sem þeim tengjast, hafa verið skráðar í gagnagrunn Kirkjubæjarstofu. Stefnt er að útgáfu veglegrar bókar um verkefnið Arf og hinar fornu ferðaleiðir í Skaftárhreppi og sagnir sem þeim tengjast. Einnig er stefnt að útgáfu minni handbókar þar sem sagt verði frá nokkrum ferðaleiðum sem raunhæft er að endurvekja sem sögu- og minjaslóð, sem tengjast þjóðleiðum og samgöngum í Vestur Skaftafellssýslu og áhugavert væri að gera skil í slíkri handbók.

#### 7. Hvað er í matinn ? samtal ferðapjónustu og landbúnaðar í Skaftárhreppi

**Ábyrgð og samstarf:** Friður og Frumkraftar . Þorbjörg Ása Jónsdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 500.000

**Lýsing:** Á árinu 2015 fékk verkefnið Hvað er í matinn? viðurkenningu sem annað sætið í EDEN gæðaáfangastaður í matartengdri ferðamennsku árið 2015.

Viðurkenningin er tilkomin vegna vinnu Friðar og frumkrafta við að sameina landbúnað og ferðaþjónustu og koma á samtali á milli þessara tveggja greina, ásamt frábærum afurðum úr Skaftárhreppi. Á árinu 2017 mun Friður og frumkraftar halda áfram að beita sér fyrir samstarfi milli ferðaþjónustu og landbúnaðar í Skaftárhreppi. Unnið verður áfram með matarverkefni klasans, Hvað er í matinn? Í ár mun klasinn bjóða uppá námskeið tengd landbúnaði og ferðaþjónustu, íbúum Skaftárhrepps að kostnaðarlausu. Markmiðið með námskeiðunum er að hvetja til aukinnar þekkingar og færni, og ýta undir nýjungar í ferðaþjónustu og landbúnaði. Áhugi fyrir því hvaða námskeið verða haldin verður kannaður, en á meðal hugmynda eru: Íslenskar nytjajurtir og kryddjurtir, berjarækt, íslenska landnámsshænan, námskeið í gerð uppskrifta, útreiknings á næringargildi, framlegð og rýrnun, sultugerð, wiskí og vínsmökkun og handverk úr hrosshári. Auk þess að halda matartengd námskeið mun klasinn beita sér fyrir því að matar- og handverksmarkaður verði með vörum úr héraði, a.m.k allar helgar yfir sumartímann. Þar munu aðilar í hreppnum geta komið með sína framleiðslu til sölu, og þar munu ferðafólk og aðrir geta komið og hitt sjálfa framleiðendurna og keypt beint af þeim vörur.

Markmiðið er að allir íbúar Skaftárhrepps geta komið sínum vörum á framfæri og selt sínar vörur, stórir og smáir framleiðendur, án milliliða. Friður og frumkraftar hafa nýlega tekið við umsjón markaðstjalds sem er til staðar í Skaftárhreppi. Til stendur að nýta það betur en hefur verið gert uppá síðkastið og halda markaði þar í sumar. Fyrsti matarmarkaðurinn verður þó haldinn í vor, í lok apríl, í Jarðvangsviku Kötlu Jarðvangs.

Til stendur að halda fleiri matartengda viðburði í Skaftárhreppi og mun verða matarsmökkun á mat úr héraði verða í lok apríl. Þá verður boðið uppá, í samstarfi við framleiðendur og veitingastaði, að fólk geti farið á milli staða og smakkað það sem svæðið hefur uppá að bjóða. Möguleiki verður þá að fara í matarsmökkun með leiðsögumanni af staðnum. Þannig fái gestir meiri upplifun af matnum ásamt sögu hans. Þetta verður einstakt tækifæri til að fræðast um matarhefðir í Skaftárhreppi og vera prófraun um hvort áframhald geti orðið af þess háttar smökkun með leiðsögumanni

## 8. Tuttugu ára afmæli Kirkjubæjarstofu

**Ábyrgð og samstarf:** Kirkjubæjarstofa . Ólafía Jakobsdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 200.000

**Lýsing:** Ársfundur Kirkjubæjarstofu 2017 verður að þessu sinni helgaður tuttugu ára afmælishátíð Kirkjubæjarstofu og fyrirhuguðu málþingi á Kirkjubæjarklaustri. Ekki er á þessu stigi hægt að tímasetja viðburðinn nákvæmlega en fyrirhugað er að halda afmælishátíðina í byrjun september 2017. Undirbúningur fyrir verkefnið hefst í mars/apríl 2017 og einnig leit að fyrirlesurum. Umfjöllunarefni málþingsins verður tengt náttúru, sögu og menningu svæðisins og tekur því mið af skilaboðum íbúapings 2013, þar sem lögð var áhersla á þessa þætti. Áhersla er alltaf lögð á atvinnusköpun og efling byggðar við verkefni á vegum Kirkjubæjarstofu

## 9. Rófur úr héraði á matseðli

**Ábyrgð og samstarf:** Maríubakki ehf. - Bjarki Guðnason

**Styrkfjárhæð:** 500.000

**Lýsing:** Hugmyndin og markmiðið er að hanna uppskrift úr rófum sem eru ræktaðar á Maríubakka í Skaftárhreppi, þar sem að annarsvegar rófan sjálf yrði aðal hráefnið og hinsvegar sem meðlæti. Grundvallaratriði er að fá matreiðslumeistara til að útbúa

uppskrift af grænmetisrétti úr rófum og/eða tillögum að meðlæti með öðrum mat úr héraði s.s Klausturbleikju, kjöti úr héraði t.d frá Seglbúðum, Borgarfelli eða Breiðabólstað eða annarra matævlaframleiðanda úr héraði. Afrakstur þeirrar vinnu gætu hótél og veitingastaðir í Skaftárhreppi nýtt sér á matseðli og jafnframt yrði unnin umfjöllun eða kynning á hráefninu sem neytandi gæti kynnt sér þegar þeir t.dvelja sér mat af matseðli eða dvelja á staðnum. En eitt af markmiðum verkefnisins er að ferðalangurinn/gesturinn sæki sér einstaka vöru og upplifun frá á svæðinu sjálfu um leið og framleiðsla á hráefni innan héraðsins sé nýtt.

#### 10. Plastpokalaus Skaftárhreppur

**Ábyrgð og samstarf:** Sunneva Kristjánsdóttir og Auðbjörg B. Bjarnadóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 300.000

**Lýsing:** Léttir plastpokar eru iðulega notaðir einu sinni en geta dagað uppi í náttúrunni og umhverfinu í hundruð ára, oft í formi örsmárra plastagna sem geta verið skaðleg fyrir lífríki í umhverfinu. Það er staðreynd að hægt er að stemma stiguð við plastpökunotkun. Langar okkur að fara af stað með tilraunaverkefni þar sem að markmiðið að hvetja íbúa og fyrirtæki til að draga úr plastpökunotkun, hvetja til að fólk nýti sér margnotapoka, maíspoka eða bréfpoka . langtímamarkmiðið er að Skaftárhreppur verði plastpokalaus til frambúðar.

## Úthlutun haust 2017

### 8 mio kr.

#### 1. Klaustur og eldsveitirnar

**Ábyrgð og samstarf:** Lilja Magnúsdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 1.450.000

**Lýsing:** Að safna saman á vef frásögnum þar sem í stuttu máli er sagt frá því helsta af náttúru, menningu og sögu í Skaftárhreppi. Vefurinn er myndskreyttur og á honum verða kort og tenglar á aðra vefi sem tengjast efninu. Textinn er að mestu kominn á vefinn, ljósmyndir eru margar komnar inn en verið að safna fleirum. Það á eftir að bæta við kortum. Eftir er að hanna og vinna þann hluta vefsins sem verður til að kynna þjónustu og afþreyingu. Vefurinn er í vinnslu og opin á slóðinni <http://www.eldsveitir.is>

#### 2. Myndspor – safn ljósmynda úr Skaftárhreppi

**Ábyrgð og samstarf:** Fótspor . Rannveig Ólafsdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 1.450.000

**Lýsing:** Verkefnið hófst í sept 2016 og áætluð lok sept. 2018. Það hafa 28 myndasöfn verið skönnuð inn, alls 3550 myndir og við hverja mynd hafa verið skráðar upplýsingar um myndefnið. Fáist fjármagn til að halda þessu verkefni áfram er meðal annars stefnt að því að:

- Safna fleiri ljósmyndum og hafa samband við sem flesta til að afla upplýsinga. Markmiðið er 6000 ljósmyndir og 15 myndasöfn í viðbót fyrir 1. sept 2018
- Halda myndasýningar fyrir almenning í nóv 2017, janúar og mars 2018 og sérstakar sýningar fyrir íbúa á Klausturhólum um það bil einu sinni í mánuði yfir veturinn.
- Sýna valdar myndir Eggerts Guðmundssonar, ljósmyndara, frá Söndum í Meðallandi á Uppskeruhátíð Skaftárhrepps í okt 2017.

- Kirkjubæjarstofa er að gefa út bók í samvinnu við Bókaútgáfuna Sæmund um þjóðleiðir í Skaftárhreppi. Vera Roth skrifar bókina. Vera og Lilja munu velja myndir úr safni Myndspora í bókina
- Deila myndum úr myndasafninu á vefnum [www.eldsveitir.is](http://www.eldsveitir.is) Nú þegar eru á vefnum margar af myndum Myndspora og í hverri viku er bætt við.

### 3. Markaðssetning á Natural Treasure

**Ábyrgð og samstarf:** Friður og Frumkraftar . Þorbjörg Ása Jónsdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 600.000

**Lýsing:** Sala á Natural Treasure hófst sumarið 2014 en hefur ekki gengið eins og vonast var eftir. Gera þarf áttak í markaðssetningu á vörunni og þarf að útbúa nýtt markaðsefni sem nær vel til markhópsins. Natural Treasure er minjagripur en er einnig skemmtilegur afþreyingarmöguleiki í Skaftárhreppi en kynna þarf betur hvaða möguleika krukurnar hafa uppá að bjóða fyrir ferðamenn. Með Natural Treasure er hægt að tvinna saman náttúrufræðslu, gönguferð og eigulegann minjagrip af svæðinu sem auk þess skemmir ekki náttúruna. Kynna þarf þetta betur fyrir mögulegum kaupendum á krukunum. Því þarf að fara í vinnu til þess að ná að gripa betur athygli ferðafólks og ferðaskipuleggjenda á minjagripnum. Byrja þarf á að kanna möguleika á breytingum á minjagripnum með það að markmiði ferðamenn taki betur eftir vörunni og þeim afþreyingarmöguleika sem hún býður uppá og að salan aukist. Skoða þarf að færa torfbæinn á hentugari staðsetningu þar sem það væri fellt inn í fjölfarnari gönguleiðir og myndi þannig auka áhuga, fornvitni og sölu á minjagripnum. Ef það yrði gert þyrfti að útbúa nýjan bækling með minjagripnum sem inniheldur kort af hvar efnið í minjagripnum er að finna. Auk þess sem þyrfti að festa nýjan miða með kortinu á krukurnar. Þetta þarf að klára áður en vinna við markaðsefni hefst. Nýja markaðsefnið þarf að vera bæði myndband og prentefni, með möguleika á að nota í blöðum, tímaritum, jafnt sem internetinu, samfélagsmiðlum og helstu sölustöðum Natural Treasure. Gert verður myndband sem hægt verður að syna á sölustöðum Natural Treasure og sem einnig verður hægt að nýta sem kynningarefni á vefmiðlum sem styttra myndband. Verður því gert eitt einnar mínútu myndband og 2-3 önnur styttri (15 sek) myndbönd sem nýtast betur á samfélagsmiðlum og ná góðu áhorfi og dreifingu. Búið er að fá tilboð í myndböndin.

*Með úthlutun þessa styrks er skilyrt að byrjað verði á að kanna eiginleika, umgjörð og umhverfi minjagripans ásamt því að unnið verði að markhópagreiningu, áður en stofnað er til kostnaðar í hönnun ýmiskonar markaðsefnis.*

### 4. Uppskeruhátíð 2017 – aðkeyptur skemmtiviðburður

**Ábyrgð og samstarf:** Menningamálanefnd Skaftárhrepps . Ingólfur Hartvigsson

**Styrkfjárhæð:** kr. 300.000

**Lýsing:** Menningarmálanefnd vinnur að því að leita hugmynda að viðburði til kaupa á Uppskeruhátíð Skaftárhrepps 2017. Hvernig þetta verkefni er að falla að skilaboðum íbúafings . jákvæðni, samhygð og samvinna . er að skapa möguleika íbúa til að taka þátt í viðburði án þess að þurfa að fara úr heimabyggð sem líka gefur möguleika á meira flæði jákvæðra skilaboða út í samfélagið.

### 5. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

**Ábyrgð og samstarf:** Kirkjubæjarstofa . Ólafía Jakbosdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 1.500.000

**Lýsing:** Markmið verkefnisins er þróun hugmynda og undirbúningur þess að koma upp húsnæði fyrir Kirkjubæjarstofu . þekkingarsetur og aðra skylda þekkingarstarfsemi starfsemi í heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla. Verkefnið er

samstarfsverkefni Kirkjubæjarstofu og Skaftárhrepps og er unnið í framhaldi af þarfagreiningu og endurskipulagningu Eflu verkfræðistofu á húsnæði Kirkjubæjarskóla. Mælikvarði fyrir árangur verkefnisins er að fjármögnun verkefnisins verð tryggð og framkvæmdir við nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu hefjist um mitt ár 2018.

#### 6. Strandminjasafn á Hnausum

**Ábyrgð og samstarf:** Kirkjubæjarstofa . Ólafía Jakobsdóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 1.500.000

**Lýsing:** Markmið verkefnisins er að koma á fót sérstöku strandminjasafni á Hnausum í Meðallandi. Hlutverk safnsins verður söfnun, varðveisla og sýning muna og minja, þar með taldar sagnir og önnur þekking, varðandi skipströnd í Vestur-Skaftafellssýslu. Tilgangur verkefnisins er að varðveita hina merku sögu skipstranda og miðla henni til núlifandi fólks og framtíðarinnar Sérstök áhersla verður á skipströnd í Meðallandsfjöllum, en skipskaðar voru sérlega tíðir þar. Jörðin Hnausar er sögulega og landfræðilega nátengd strandsögunni og er hún því vel fallin til þessa hlutverks.

#### 7. Útivistar- og umhverfisfræðsla í Kirkjubæjarskóla

**Ábyrgð og samstarf:** Kirkjubæjarskóli – Kjartan H. Kjartansson

**Styrkfjárhæð:** kr. 700.000

**Lýsing:** Meginmarkmið verkefnisins er að dýpka þekkingu og skilning nemenda á útivist og náttúru Skaftárhrepps í gegnum valáfang í útivistar og umhverfisfræði. Verður nemendum kynnt náttúra Skaftárhrepps og sjálfbær nýting hennar með áherslu á útivistarmöguleika og lýðheilsu. Verkefninu er ætlað að efla vitund og áhuga barna á náttúruvernd, framtíðar atvinnutækifærum í afþreyingarþjónustu og útivistarmöguleikum í Skaftárhreppi. Jafnframt er verkefninu ætlað að gera nemendum grein fyrir ábyrgð mannsins gagnvart náttúrunni og áhrifum ýmissa framkvæmda á mismunandi vistkerfi. Nemendur skoða vistspor sín og ö .

#### 8. Hvatadagar fyrir starfsfólk grunn- og leikskóla í Skaftárhreppi

**Ábyrgð og samstarf:** Fræðslunefnd . Auðbjörg B. Bjarnadóttir

**Styrkfjárhæð:** kr. 500.000

**Lýsing:** Sótt er um styrk til að halda sameiginlegan starfsdag fyrir leik- og grunnskólakennara hér í hreppnum. Markmið verkefnisins er að efla fagvitund, þekkingu og færni starfsmanna í leik- og grunnskóla hreppsins með fræðsluerindum og jafnvel vinnustofum og ekki síst til að styrkja jákvæðan vinnuanda. Meðal niðurstaða íbúapings 2013 þá var efst á blaði fólkið sjálft, fjölskyldur og einstaklingar og mun verkefni af þessu tagi falla vel að málefnum íbúapingsins, en áhersla var lögð á grunnskið samfélagsins, s.s heimili og skóla. Skyldumæting starfsfólks. Stefnt er að ef vel tekst til að halda sameiginlegan starfsdag a.m.k einu sinni á ári. Aðkeyptir fyrirlesarar